

Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Mars 2012 // BRÁÐABIRGÐATÖLUR

Brot gegn vopnalögum 2011

Brot gegn vopnalögum (nr. 16/1998) voru 235 á árinu 2011, eða að meðaltali 20 brot á mánuði. Eins og sjá má á mynd 1 voru brotin flest í ágúst (26 brot) og júlí (25 brot). Á árinu 2009 voru 251 brot skráð hjá lögreglu, eða 21 að meðaltali á mánuði og árið 2010 alls 262, eða 22 á mánuði að meðaltali.

Brot sem falla undir vopnalög varða meðal annars meðferð skotvopna, sprengiefnis og annarra vopna eins og bit- og höggvopna. Í lögunum segir meðal annars að vopnaburður á almennfæri sé bannaður nema með tilskildum leyfum. Nánari útlistun á lögunum má finna á vef Alþingis.




Mynd 1. Brot gegn vopnalögum (nr. 16/1998) árið 2011, greint eftir mánuðum.

Þróun það sem af er árinu 2012

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlagabrota eftir mánuðum árin 2010, 2011 og fyrstu þrjá mánuði ársins 2012. Skráð hegningarlagabrot í síðastliðnum marsmánuði voru 918. eru það færri hegningarlagabrot en í mars síðustu tvö ár.

Skráð hraðakstursbrot síðustu þrjá mánuði voru um 6.455, eða 2.151 brot að meðaltali á mánuði. Brotin voru færri yfir sama tímabil í fyrra (um 4.700) en fleiri 2010 (um 8.300 brot). Skýringin á þessum mikla mun er aðallega sú að fjöldi brota fer eftir notkun hraðamyndavéla og frumkvæðisvinnu lögreglu.

Þróun hegningarlagabrota eins og þjófnaðar og innbrota má hins vegar ekki með eins skýrum hætti rekja til frumkvæðisvinnu lögreglu heldur fer að mestu eftir tilkynningum til lögreglu. Ef litið er til þessara brota má sjá að þjófnaðarbrot eru færri fyrstu þrjá mánuði þessa árs og ársins 2011 miðað við árið 2010 (Tafla 1). Þau voru um 850 fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 og 2012 en yfir 1.100 slík brot voru skráð yfir sama tímabil árið 2010. Sömu þróun má sjá í innbrotum, en þau voru samanlagt undir 450 brotum í janúar, febrúar og mars 2011 og 2012 en 759 yfir sama tímabil 2010. Skráð fíkniefnabrot voru 504 síðustu þrjá mánuðina, sem er um 40% fleiri brot en yfir sama tímabil í fyrra.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrota 2010, 2011 og það sem af er ári 2012 greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar, febrúar og mars árið 2010, 2011 og 2012.

	Jan.-mars'10	Jan.-mars '11	Jan.-mars'12
Hraðakstursbrot	8.315	4.686	6.455
Þjófnaðarbrot	1.112	843	853
Eignaspjöll	720	533	565
Innbrot	759	439	406
Ölvun við akstur	268	274	285
Fíkniefnabrot	313	358	504
Líkamsárás (217.-218. gr.)	289	231	253